Skólaslit

Afhending einkunna verður fimmtudaginn 10. júní
kl. 9:00 1. og 2. bekkur
kl. 10:00 3. og 4. bekkur
kl. 11:00 5. og 6. bekkur

Athöfnin fer fram í hátíðarsal.
Foreldrar eru velkomnir á skólaslitin.

kl. 12:30 7. bekkur útskrift
(nemendur mæta fyrst í bekkjarstofu en gestir í hátíðarsal)



Skólasetning verður 24. ágúst 2010

Skóladagatal næsta skólaárs er að finna á www.flataskoli.is

Fréttabréf Flataskóla

1. tbl. 25. árg. maí 2010



Tíminn

Tíminn líður hraðar, hraðar,
dagarnir styttast og styttast.
Það gæti verið vegna þess að
hver dagur verður minni hluti
af því sem liðið er.

Þegar ég vakna og hugsa,
að dagurinn sem framundan er
verði brátt á enda.
Og um kvöldið hugsa ég.
Þegar ég lá í rúminu í morgun
vissi ég ekki hvað myndi gerast í dag.

Og næsta dag þá byrjar
þetta allt upp á nýtt.
Tíminn líður allt of hratt.
Skrítið ekki satt?

Anna Bjarnsteinsdóttir 7. HSG
Verðlaunaljóð í ljóðasamkeppni Flataskóla

Starfsfólk Flataskóla þakkar nemendum og foreldrum ánægjulegt samstarf á skólaárinu og óskar öllum gleðilegs sumars.

Frá skólastjóra

Senn líður að lokum skólaársins. Skólastarfið hefur gengið vel og verið fjölbreytt að vanda. Nemendur hafa staðið sig vel í náminu og margir tekið góðum framförum. Áfram er unnið að þróun kennsluhátta með það að markmiði að skapa nemendum sem best skilyrði til náms.

Margir hefðbundnir viðburðir eru jafnan í skólastarfinu og má þar nefna hátíð á Degi íslenskrar tungu, skákmót , fjöltefli, ljóðasamkeppni og upplestrarkeppnir. Nemendur hafa einnig farið í ýmsar ferðir tengdar náminu og þannig er unnið að því að auka fjölbreytni í kennslunni.

Unnið hefur verið að þróunarverkefnunum Byrjendalæsi og Útikennslu sem hófust á síðasta skólaári. Árangur yngstu nemenda í lestri er mjög góður. Allir fara í útikennslu og vinna fjölbreytt verkefni .

Verkefnið SMT- Skólafærni hefur verið virkt í vetur og hefur það sett góðan brag á skólastarfið.

Skólaráð hefur fundað reglulega í vetur. Fundargerðir skólaráðs eru birtar á heimasíðu skólans. Foreldrafélag Flataskóla hélt aðalfund sinn í apríl og var þar kjörin ný stjórn. Í stjórninni eru áhugasamir foreldrar og vil ég hvetja alla foreldra til að fylgjast með starfi félagsins og taka þátt í því.



Nú á vordögum flyst kennsla nemenda að hluta úr skólastofunni út í vorið. Dagarnir að loknum prófum eru vel skipulagðir og njóta nemendur þess að læra um náttúruna og taka þátt í margvíslegum verkefnum og leikjum.

Uppskeruhátíðir og vortónleikar hafa verið á dagskrá nú á vordögum. Ánægjulegt er að fólk gefur sér tíma til að koma og njóta flutnings nemenda.

Að loknu þessu skólaári mun ég láta af störfum sem skólastjóri Flataskóla. Ég hef starfað við skólann í 6 ár og tekið þátt í þróttmiklu starfi. Hér hef ég unnið með góðum nemendum, starfsmönnum og foreldrum. Þetta hefur verið ánægjulegur tími og ég vil þakka öllum fyrir gott og gefandi samstarf. Bæjaryfirvöld hafa ákveðið að skoða hugmyndir um hvort æskilegt væri að sameina rekstur Flataskóla og Garðaskóla. Í ljósi þess var farið á leit við Helgu Maríu Guðmundsdóttur aðstoðarskólastjóra að hún tæki við skólastjórastarfinu í eitt ár á meðan þessi athugun færi fram. Elín Guðmundsdóttir mun gegna starfi aðstoðarskólastjóra. Skúli K. Þorvaldz deildarstjóri verður í leyfi næsta skólaár. Hjördís Ástráðsdóttir mun gegna starfi deildastjóra. Fagstjórar í íslensku og stærðfræði verða þær Anna Lena Halldórsdóttir og Halla Rósenkranz Guðmundsdóttir.

Ég vil að lokum þakka nemendum og foreldrum fyrir samstarfið í vetur og óska öllum gleðilegs sumars.

Sigurveig Sæmundsdóttir

FRÉTTABRÉF FLATASKÓLA

Samstarfsverkefni við skóla í Evrópu



Flataskóli hefur verið í öflugu samstarfi við skóla í Evrópu í vetur. Við tókum þátt í Comeníusarverkefninu *Vængjaðir vinir í 1.-4. bekk* og er Hjördís Ástráðsdóttir verkefnisstjóri þess. Einnig tókum við þátt í fimm eTwinningverkefnum en eTwinning er áætlun um rafrænt skólasamstarf í Evrópu og heyrir undir Comeníusarhluta Menntaáætlunar Evrópusambandsins. Allir nemendur skólans koma að þessum verkefnum á mismunandi hátt og flestir kennarar einnig. Verkefnið *Schoolovision* er öðru sinni í gangi en það er verkefni í svipuðum stíl og Eurovision. Skólarnir setja myndband með söng nemenda á bloggsíðu. Síðan velja nemendur besta myndbandið. Kosningin fer fram á veffundi í lok vorannar og sigraði Flataskóli í ár. Við tókum einnig þátt í verkefninu *A Snapshot of Europe* en það er ljósmyndaverkefni þar sem nemendur taka myndir af sínu nánasta umhverfi. Sigruðum við þar í einum flokknum. Þá tekur 4. bekkur þátt í verkefninu *Let's read, write and talk together* ásamt nemendum í Carlton skóla í London, en það er til að efla lesskilning nemenda ásamt því að tengja það inn í m.a. ensku, landafræði og tölvutæknina. Þá er 5. bekkur í samskiptum við skoskan skóla þar sem þau skiptast á upplýsingum um þau sjálf, skólaumhverfið og ýmislegt í menningu þeirra. T.d. sögðu nemendur okkar hinum frá jólasveinunum okkar og við fengum síðan að kynnast riddurum hringborðsins. Þessum verkefnum stýrir Kolbrún Svala Hjaltadóttir kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni.

Þá taka nemendur í fyrsta bekk þátt í eTwinning verkefninu *Books Make Friends* ásamt sjö öðrum Evrópuríkjum. Rakel Svansdóttir og Ragna Gunnarsdóttir stýra verkefninu fyrir hönd skólans. Verkefnið gengur út á að kynna bækur frá öðrum löndum og að nemendur uppgötvi hinn undraverða bókaheim. Markmiðið er einnig að í gegnum bækurnar eignist nemendur vini og að bækurnar og sögupersónur þeirra verði gæddar lífi til að auka áhuga nemenda á að lesa bækur. Lesa má um öll þessi verkefni á heimasíðunni okkar.

Kolbrún Svala Hjaltadóttir, kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni

